kaupa fyrir fjós á jörðinni Daufá, er slíkt hús eptir eldri og nýrri úttektargjörðum eigi hafi fylgt jörð þessari. 1861. 5. júlím.

Þetta sè yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar.

---

35. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um leyfisbrèf til að hafa veitingahús í Reykjavík. 5. júlím.

Eptir að dómsmálastjórnin með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 28. febrúarm. þ. á., hefir fengið álitsskjöl frá bæjarfógetanum og bæjarstjórninni í Reykjavíkur kaupstað, um það, hvort ástæða sè til að veita N. Jörgensen, er fyrrum var gestgjafi í veitingahúsi því, sem kallað er „Scandinavia", leyfisbrèf til að hafa veitingar og gestaherbergi á öðrum stað í kaupstaðnum, m. m., skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þèr gjörið frekari ráðstafanir í því efni, að eptir þeim skýrslum, sem nú eru framkomnar um það, hvernig ástatt er, má veita Jörgensen leyfisbrèf með vanalegum kjörum, svo sem hann hefir um beðið í bænarskrá þeirri, er fylgir brèfi þessu.

---

36. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu. 5. júlím.

Eptir bænarskrá, er þèr, herra amtmaður, hafið sent hingað með brèfi 17. febrúarm. þ. á., hefir dómsmálastjórnin veitt Valgerði Árnadóttur á Grund, ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu, 20 ríkisdala styrk, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði landsins.